



# Fundargerð 288.fundar

## Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Þriðjudaginn 28. maí 2024 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu HN við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Andri Teitsson, Ólafur Rúnar Ólafsson, Sverre Jakobsson og Pröstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

### 1. Vísindaskóli unga fólksins.

Borist hefur styrktarumsókn frá Sigrúnu Stefánsdóttur skólustjóra Vísindaskóla unga fólksins vegna reksturs skólans. Stjórn HN getur ekki orðið við erindinu.

### 2. Erindi frá LYST

Borist hefur styrktarumsókn frá Reyni Grétarssyni veitingamanni í Lystigarðinum á Akureyri vegna útitónleikaseríu sem veitingastaðurinn LYST ætlar að halda í sumar til styrktar Lystigarðinum. Stjórn HN getur ekki orðið við erindinu.

### 3. Dysnes.

Hafnasamlagi Norðurlands bs. barst umsókn um lóð á Dysnesi fyrir hönd Líforkuvers ehf. dags. 6. maí 2024. Sótt er um lóð fyrir fyrirhugaða starfsemi líforkuvers þar sem fyrirhugað er að byggja upp vinnslu á aukaafurðum dýra með möguleika á stækkun og uppbyggingu á starfsemi til að breyta lífmassa í orku og áburð.

Sótt er um lóð nr. I 411 á iðnaðarsvæði samkvæmt samþykktu deiliskipulagi dags. 17.3.2016 og óskað eftir að lóð nr. I 405 verði frátekin fyrir mögulega stækkun starfsemi líforkuvers.

Einnig er sótt um lóð nr. A 518 til vara, með því fororði að farið verði í nauðsynlegar breytingar á deiliskipulagi til að lóðin sé með skilgreinda landnotkun sem iðnaðarlóð en ekki athafnalóð.

Hafnasamlag Norðurlands telur að ekki sé nauðsynlegt að fara í breytingar á skipulagi þar sem það komi fram í matskyldufyrirspurn að starfsemi líforkuvers sé ekki mengandi starfsemi og geti því verið á athafnalóð á Dysnesi samkvæmt skilmálum samþykktis deiliskipulags fyrir svæðið.

Stjórn HN fagnar áhuga Líforkuvers ehf á uppbyggingu á Dysnesi og samþykkir að úthluta fyrirtækinu lóð nr. A518 og að ganga til viðræðna við fyrirtækið um uppbyggingu á svæðinu.



**4. Torfunefsbyggja.**

Hafnarstjóri fór yfir stöðu mála varðandi Torfunefsbyggju. Útboðsgögn vegna byggingu veituhúss á svæðinu liggja fyrir á næstu dögum og samþykkir HN að auglýsa verkið í sumar þannig að byggingin verði fullkláruð fyrir sumarið 2025.

**5. Önnur mál.**

Engin önnur mál.

**Fundagerðin yfirfarin og staðfest.**

Fundi var slitið kl. 17.35